



## Skýrsla Vinnís fyrir starfsárið 2005-2006

**Áttundi ársfundur Vinnuvistfræðifélagsins var haldinn 13. apríl 2005** í húsi

Verslunarmannafélags Reykjavíkur. Sigrún Víktorsdóttir starfsmannastjóri VR bauð gesti velkomna og kynnti breytingaferli það sem hafði verið farið í á skrifstofu VR þar sem lögð var áhersla á aðbúnað starfsmanna. Hún nefndi erindið *Draumur í dós - eða hvað?* Sigrún fjallaði um hvaða breytingar farið var í til að bæta vellíðan starfsmanna og hvaða hindranir þau fundu fyrir við að koma á breytingunum. Boðið var upp á glæsilegar og góðar veitingar og fundargestum síðan sýnt húsnaðið.

Venjuleg aðalfundastörf fóru síðan fram og hófust með kynningu formanns á skýrslu stjórnar um starfsárið 2004-2005

Breytingar urðu í stjórn félagsins. Snorri Ingimarsson gjaldkeri stjórnar og Ágústa Guðmarsdóttir varaformaður stjórnar gáfu ekki kost á sér áfram. Ólafur Hjálmarsson verkfræðingur, sérfræðingur í hljóðvist og Aðalheiður Sigurjónsdóttir sálfræðingur voru kosin í stjórn félagsins.

Björg Þórðardóttir varamaður í stjórn gaf ekki kost á sér áfram og í stað hennar var kosin Hólmfríður Erlingsdóttir sjúkraþjálfari.

Engar lagabreytingar voru gerðar og ákveðið að félagsgjöld yrðu óbreytt, 2.000 kr fyrir einstaklinga og 15.000 kr fyrir fyrirtæki.

## Félagsstarfið á starfsárinu apríl 2005-apríl 2006

Í félagaskrá á árinu 2005-2006 voru skráðir 77 félagar, þar af 12 fyrirtæki.

Stjórn Vinnuvistfræðifélagsins starfsárið 2005-2006:

Berglind Helgadóttir formaður  
Haraldur Haraldsson, varaformaður  
Aðalheiður Sigurjónsdóttir, gjaldkeri  
Svava Jónsdóttir, ritari  
Ólafur Hjálmarsson, meðstjórnandi

Varamenn  
Hildur Friðriksdóttir  
Hólmfríður Erlingsdóttir

Endurskoðendur  
Björn Pálsson  
Auður Ólafsdóttir

Haldnir voru 8 stjórnarfundir frá apríl 2005 til apríls 2006.

Stjórn Vinnís setti sér það markmið að hafa einn stóran félagsfund að hausti og annan að vori. Samþykkt var að áhersla félagsins á starfsárinu yrði á nám í vinnuvistfræði.

Hugmynd formanns frá ársfundi í apríl 2005 um að Vinnís taki þátt í að þróa og staðfæra netnámskeið um vinnuvistfræði sem var þegar í umræðunni innan stjórnar NES hefur ekki orðið að veruleika. Hugmyndin var að nýta það sem var verið að þróa hjá Finnum og vilyrði hafði fengist um að nýta. Ekki fékkst síðan leyfi fyrir því frá Finnunum.

### **Í tilefni evrópsku vinnuverndarvikunnar 2005 hélt Vinnís morgunverðarfund**

**24. október í samstarfi við Vinnueftirlit ríkisins.** Fundurinn var haldinn á Grand Hótel með yfirskriftinni *Niður með hávaðann*. Fundurinn sem var vel sóttur tókst í alla staði vel.

Stjórnarmönnum Vinnís fanst samstarfið reynast vel og taldi rétt að sameina kraftana í einn fund í þessari viku fremur en að keppa um athygli sama hópsins í sömu vikunni. Mæting á fundinn var mjög góð og fróðleg erindi haldin.

Á fundinum veitti Vinnueftirlitið fimm fyrirtækjum viðurkenningar fyrir gott starf og góðar lausnir sem miðuðu að því að draga úr hávaða og bæta hljóðvist. Vinnís kom að tilnefningu þessara fyrirtækja með Vinnueftirlitinu. Það er ljóst að mörg fyrirtæki hafa verið að gera góða hluti bæði til að fyrirbyggja hávaða strax á hönnunarstigi og eins við að bregðast við hávaða þar sem hann er til staðar. Viðurkenningarnar voru til þess ætlaðar að vekja athygli á því hvernig fyrirtæki geta beitt sér til þess að skapa starfsfólki sínu þægilegra vinnuumhverfi og betri hljóðvist. Stjórnendur þessara fyrirtækja hafa gert sér ljóst að hávaðavarnir skila sér í ánægðara starfsfólki sem aftur skilar sér í betri starfsanda, heilsu og framlegð.

**Félagsfundur um nám í vinnuvistfræði** var haldinn 22. mars 2006 í Vikingasal Hótel Loftleiða. Á fundinn voru boðaðir lykilmenn háskólanna sem kynntu hvernig framboð skólanna er á námi í vinnuvistfræði.

Formaður Vinnís kynnti markmið fundarins sem var að kanna hvaða nám væri þegar í boði sem skilgreina má innan vinnuvistfræðinnar og til að kanna hvernig best væri að skipuleggja markvisst námi í vinnuvistfræði á háskólastigi. Formaðurinn sagðist persónulega eiga þann draum að koma mætti á þverfaglegu námi í vinnuvistfræði sem allir Bs. og meistaranámsnemar allra deilda háskólanna hefðu kost á að taka sem valgrein. Jafnframt að það yrði einnig aðgengilegt fyrir ráðgjafa í vinnuvernd og eftirlitsmenn Vinnueftirlitsins. Að slíkt nám yrði viðbót við það sem þegar er verið að kenna innan skólanna og flokkast innan vinnuvistfræðinnar.

Á fundinn komu fulltrúar frá Háskóla Íslands úr Félagsvísindadeild, Sjúkraþjálfunarskoti og Verkfræðideild. Frá Háskólanum á Akureyri komu fulltrúar frá Iðjuþjálfadeild og Kennaradeild og frá Listaháskóla Íslands kom fulltrúi frá Arkitekta- og hönnunardeild. Einnig komu fulltrúar frá Rannsóknastofu í vinnuvernd og frá Vinnueftirlitinu. Allir kynntu námsframboð sinnar deildar og hver framtíðarsýn þeirra væri á skipulagt nám í vinnuvistfræði á háskólastigi.

Dr. Guðbjörg Linda Rafnsdóttir fulltrúi Félagsvísindadeildar HÍ og Rannsóknastofu í vinnuvernd taldi mikilvægt að vera í samstarfi við aðila á hinum Norðurlöndunum um skipulag og framkvæmd slíks náms. Það væri auðvelt með nútímataekni og gæti verið nauðsynlegt að byrja þannig þar sem það gæti verið erfitt að halda uppi námi í faginu í okkar litla samfélagi. Annar kostur væri að sameinast um að koma á þverfaglegu námi í vinnuvistfræði í einni deild, en hún taldi því miður að þetta mætir sýnilegum og ósýnilegum veggjum. Að lokum taldi hún áhugavert að tengja vinnuvistfræðina inn í nám í Lýðheilsufræðum.

Framtíðarsýn fulltrúa Heilbrigðisdeildar Háskólans á Akureyri er að bjóða upp á þverfaglegt framhaldsnám við heilbrigðisdeild, þar sem hægt væri að velja vinnuvistfræði sem áherslu. Hugsanlegt að bjóða upp á 5. eininga nám.

Dr. Helgi Þór Ingason fulltrúi Verkfræðideildar HÍ sagði frá hvernig vinnuvistfræði hefur verið kennd markvisst í iðnaðar- og vélaverkfræðinámi deildarinnar. Breytinga væri að vænta í deildinni og á stefnuskrá væri að setja upp nám sem Bs og meistaranámsnemar geta valið. Jóhannes Þórðarson arkitekt frá Listaháskóla Íslands sagði vinnuvistfræði ekki markvisst kennda innan deildarinnar en meðvitað komið inn á það í náminu. Stefna skólans er að hefja meistaranám og vonast hann til að farið verði dýpra inn á þætti vinnuvistfræðinnar.

Niðurstaða fundarins var

- Vinnuvistfræði er mikilvægt fræðasvið sem rétt er að sinna
- Æskilegt er að boðið verði upp á markvisst nám í vinnuvistfræði og jafnvel meistaranám hið fyrsta
- Mikilvægt er að huga að endurmenntun á sviði vinnuvistfræði

Vegna umræðna um samstarf og samkeppni á milli háskólanna er mikilvægt að hafa í huga að hvar sem menn eru staddir í skólakefinu eða atvinnulífinu, ættu menn fremur að keppa að því að vera besti keppandinn en sá eini og að huga ekki síður að hagsmunum nemenda og atvinnulífs en sínum eigin.

## **Erlent samstarf**

### **Nordiska Ergonomi Sällskapet (NES).**

Fulltrúar Vinnís í stjórn NES; Berglind Helgadóttir og Svava Jónsdóttir.

Haustfundur stjórnar NES var haldinn eins og venja er helgina fyrir NES ráðstefnuna.

**Hin 37. ráðstefna NES 2005 var haldin í Osló 10-12 okt.** með yfirskriftinni **Ergonomics as a tool in future and value creation.**

Ráðstefnan gekk vel, þátttökufjöldi var u.þ.b. 130 manns. Ekki er búið að skila uppgjöri en gert er ráð fyrir að ráðstefnan hafi staðið undir sér.

Aðalfundur NES var haldinn í lok ráðstefnunnar.

Vorfundur NES var haldinn í Malmö dagana 25-26. mars.

**38. NES rástefnan** verður haldin í Hämeenlinna í Finnlandi dagana 24.-27. september 2006

Yfirskrift ráðstefnunnar verður *Promotion of Well-Being in Modern Society.*

**<http://www.nordiskergonomi.org>**

### **Af stjórnarstörfum NES**

Umræður eru gjarnan innan NES um hvaða áherslur skuli leggja á ráðstefnunum þannig að þær veki athygli og bæði rannsakendur og ”praktikerar” í faginu sjái sér hag í að sækja þær. Markmið með NES ráðstefnunum er meðal annars að auka samskipti milli þessara aðila og að þær þjóni báðum hópunum.

NES ráðstefnunnar fara á milli landanna og komið er að Íslandi að halda ráðstefnuna árið 2008. Í umræðunni hefur verið að samnýta krafta NES og NAM (Nordiska Arbetsmiljömetet) og gera tilraun árið 2008 með sameiginlegri ráðstefnu þessara félaga.

Formennska í stjórn NES fer einnig á milli landanna og situr formaður í 3 ár í senn. Á næsta aðalfundi verða formannskipti og er komið að Íslandi að taka að sér formennskuna. Enn er

verið að leita að formannsefni en stjórn Vinnís þarf að taka afstöðu um hvort við tökum að okkur hlutverkið eða ekki og hver það verður fyrir lok maí.

Sú nýjung hefur verið tekin upp í stjórn NES að halda símafundi milli þess sem stjórn hittist á vor og haustfundum. Þetta hefur reynst vel og er almenn ánægja með það fyrirkomulag.

Fullrúar Vinnís í stjórn NES hafa bent á að til að spara væri reynandi að fækka fundum og halda frekar fleiri símafundi en ekki hefur enn verið hljómgrunnur fyrir því meðal annara stjórnarmanna.

Jafnframt hefur það verið tillaga fulltrúa Vinnís í stjórn NES að halda ráðstefnur annað hvert ár til að minnka þá vinnu sem þeim fylgir. Þá væri hugsanlega frekar tími og orka til að sinna öðrum verkefnum en ráðstefnunum. Jafnframt myndast oft „árekstrar“ á milli ráðstefna, þ.e. framboð er orðið svo mikið að erfitt er að halda úti jafn fjölmennum ráðstefnum og áður og því vandasamt að halda kostnaði réttu megin við núllið. Ekki hefur verið hljómgrunnur fyrir þessu enn. Með tilkomu þessara hugmynda að sameina krafta NES og NAM við ráðstefnuhald þykir okkur stefna í rétta átt.

Ekkert nýtt að fréttu af CREE (Centre for Registration of European Ergonomists)

**IEA2006. 16. heimsþing alþjóðlegur vinnuvistfræðisamtakanna** (International Ergonomics Association). verður haldin 10.-14. júlí 2006 í Maastricht. [www.iea2006.org](http://www.iea2006.org)

Stjórn Vinnís óskar eftir því að félagsmenn komi á framfæri óskum sínum til stjórnar um hvaða áherslur þeir vilji að verði á starfi félagsins á komandi ári.

Stjórn Vinnís þakkar öllum þeim sem hafa tekið þátt í félagsstörfum starfsársins 2005-2006 og vonar að félagsstarfið eflist

Reykjavík 26/4 2006

Berglind Helgadóttir